18.11.2026

Bæjarráð - 2512. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, mánudaginn 16. nóvember 2026 og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu:
Kristján Jón Guðmundsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Kristinn Gauti Einarsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. **Framkvæmdir 2026 - 2606040**

   Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

   Farið yfir stöðu framkvæmda.

2. **Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2027 - 2608013**

   Lagðar fram óskir og tillögur forstöðumanna um verkefni og fjárfestingar vegna fjárhagsáætlunar ársins 2027. Farið verður yfir þörf fyrir búnað og viðhald ásamt fyrirhuguðum framkvæmdum og rætt um forgangsröðun og kostnað eftir því sem upplýsingar liggja fyrir.

   Lagðar fram óskir og tillögur forstöðumanna vegna fjárhagsáætlunar ársins 2027. Bæjarráð felur bæjarstjóra og fjármálastjóra að vinna áfram úr þeim við undirbúning síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

3. **Snjómokstur - útboð - 2611043**

   Efla hefur unnið drög að útboðsgögnum vegna snjómoksturs fyrir sveitarfélagið. Unnið er jafnframt að tillögu að götuskráningu sem kveður á um forgangsakstur og verður henni bætt við fundargögn ef hún liggur fyrir fyrir fundinn. Tilgangur fundarliðarins er að yfirfara útboðslýsinguna og meta hvort þörf sé á breytingum eða viðbótum áður en útboðið verður auglýst.

   Bæjarráð felur bæjarstjóra að fara að nýju yfir drög að útboðsgögnum vegna snjómoksturs með byggingarfulltrúa og leggja þau aftur fyrir bæjarráð.

4. **Byggingafulltrúi - 2610057**

   Byggingafulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar lét af störfum miðvikudaginn 11. nóvember. Í samræmi við bókun síðasta fundar hefur starfið verið auglýst í samstarfi við Hagvang. Bæjarráð þarf nú að ræða starfslok byggingafulltrúa og eftir atvikum ganga frá þeim atriðum sem tengjast lokum ráðningarsambandsins.

18.11.2026

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirrita samning vegna þjónustu byggingarfulltrúa.

5. Sameinuð almannavarnarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum - 2611025

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 13. nóvember sl. að Bolungarvíkurkaupstaður gerðist aðili að sameiginlegri almannavarnarnefnd með Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi. Fyrir bæjarráði liggur að ræða næstu skref vegna innleiðingar ákvörðunarinnar, þar á meðal gerð samstarfssamnings og fyrirkomulag skipunar nefndarinnar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga í samræmi við umræður á fundinum. Málið verði tekið aftur fyrir á næsta fundi bæjarráðs.

6. Til umsagnar 313. mál - Stefnumótandi byggðaáætlun. - 2611039

Lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2027-2041. Umsagnarfrestur er til 26. nóvember 2026

Erindi kynnt.

7. Til umsagnar 286. mál - Stefna og aðgerðaráætlun gegn fátækt barna til ársins 2031. - 2611041

Lagt fram erindi velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2026, þar sem óskað er umsagnar um 286. mál, stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna til ársins 2031.

Erindi kynnt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50